



## STARFSSKYRSLA SKOGRÆKTAR RIKISINS HALLORMSSTAÐ.

### 1. VEDURFAR ARSINS.

Búið er að ákveða í samvinnu við Veðurstofu Íslands að setja upp sjálvvirka veðurathugunarstöð á Hallormstað næsta ár. Haldið verður áfram hefðbundnum mælingum tvisvar á dag, sem viðmiðunarmælingu á sjálvvirkustöðina.

Tíðarfar ársins var nokkuð óvenjulegt. Veturinn var mjög snjóléttur og mildur. Snjólaust var fram í miðjan febrúar, 28 feb. var komið 20 cm snjólag í skóginum. Fljótið lagði 17 feb. og var ísilagt í níu daga. Snjórinn var horfinn um miðjan mars. 26 apríl var frostið í jörðu að meðaltali 10 cm í Mörkinni. Frost var að mestu farið úr jörðu um miðjan maí, og var þá hægt að vinna jörð í gróðrarstöðinni. Sumarið var sérstaklega gott með miklum hitum. Komst hitinn mest í 28 C í mælaskýli 4 júlí, sem mun vera mesti hiti sem mælt hefur á Hallormsstað.

30 september höfðu mælt tvær frostnætur. Fram að áramótum var lítill sem engin snjór, þó kom hvellur í nóvember sem stóð stutt yfir og var snjór horfin um mánaðarmótin.

### 2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJAGROÐURS.

#### 2. 1. Vöxtur.

Mjög góður vöxtur var í flestum tegundum í ár. Þó sérstaklega í lerkinu. Mátti víða sjá 80 til 90 cm sprota í lerkinu frá 1983 á Hafursá.

#### 2. 3. Fræfall.

Lítið sem ekkert fræ var á birkinu í ár. Þrátt fyrir mjög gott árferðil. Safnað var fræi af eftirtöldum tegundum: Við Kerlingará, broddfuru í neðstareit, lindifuru og gráelri í Mörkinni.

## 2. 4. Skaðar.

### 2. 4. 1. Frost.

Ekki bar á neinum áberandi frostskegmdum í skóginum.

### 2. 4. 2. Skordýr.

Lítið bar á grenilúsinni fyrripart árs og fram á sumar. En seinni part sumarsins virðist stofnin hafa náð sér vel á strík, eftir hita sumarsins og gerði töluverðan usla víða um skóginn. Lúsín er nú búin að breiðast um allan skóg.

Köngulingurinn heldur áfram að breiðast um skóginn. Þó virðist liturinn á trjám í innskóginum, þar sem mest hefur borið á honum fara batnandi. Torgtré voru tekin þar í ár, sem ekki var hægt fyrir tveim árum.

Guðmundur Halldórsson á Mógilsá lagði út eina tilraun varandi köngulinginn í R 708. Einnig lagði hann út samnorræna tilraun um grenilúsina í R 721-2 (blágreini). Tekin eru sýni á fjórtán daga fresti og send á Mógilsá.

## 3. STARFSFOLK.

Alls voru 38 á launaskrá hjá Skógrækt ríkisins á Hallormsstað 1991. Þetta er nokkru færri en 1990.

## 4. GIRDINGAR.

### 4. 1. VIDHALD.

#### a) Skógargirðing á Hallormsstað.

Farið var með girðingunni 3 og 4 júní, nánast ekkert þurfti að gera við hana, enda var veturinn með eindæmum snjóléttur.

#### b) Eiðagirðing.

Tuttugasta og sjöunda og 28 maí var farið með girðingunni. Lítið sem ekkert viðhald. Lagað var í kringum pípuhlið að BSRB-húsum, en þar hafði girðingin verið rifin upp vegna einhverra framkvæmda.

#### c) Múlasterkkur.

Eypór í Birkihlíð sá um að fara með girðingunni. Ekkert meiriháttar viðhald, nema á kaflanum sem liggur niður skriðuna innan við bjargbotninn. Þar höfðu járnstaurar brotnað og bognað, trúlega undan ísingu. Tuttugasta og fimmta september fóru tveir menn til að styrkja þennan kafla, var það gert með því að skipta um og bæta inni járnstaurum.

e) Hálsgirðing.

Farið með girðingunni um leið og skógagirðingunni. Nánast ekkert þurfti að gera við hana.

f) Jórvið.

Farið var með girðingunni 29 og 30 maí. Engar stórkostlegar bilanir, en girðingin er orðin ákaflega léleg sérstaklega að ofanverðu og þarf nauðsynlega að endurgirða hana í áföngum og byrja að ofanverðu.

#### 4. 2. NYJAR GIRDINGAR.

Engar nýjar girðingar voru girtar á vegum deildarinnar á árinu. Rafgirðingarhólfín sem voru girt vegna hreindýratilrauna stóðu straumlausar, vegna þess að engin hreindýr heimsóttu svæðið í vetur sem betur fer.

### 5. SKÓGARHÖGG.

#### 5. 1. VIDUR.

Dagana 16 til 29 janúar var klárað að afkvista og draga út lauffellingu frá 1990 úr Stóraskógi og Flataskógi. Sjötta febrúar var byrjað að grisja birki innan við Mylluhvamm fyrir gróðursetningu. Við urðum að hætta í nokkra daga vegna aurbleytu í vegunum upp í skóg. Verkið klárað í mars. Dagana 8 til 18 apríl grisjað birki fyrir gróðursetningu ofan raflinu innan við Borgargerðislæk. Grisjað var með stignum niður í Guttormslund og einnig utan við gróðurhúsin fyrir væntanlegu Hafsauga.

Grisjað birki	R-306,1	ca 1,1 ha
"	"	R-404,4 ca 2,7 "

#### Lerkigrisjun:

Attunda 8 febrúar var byrjað að grisja lerkið fyrir utan og ofan Hússtjórnarskólann og lauk því 11 mars. Þarna var hægt að vinna með því að bera lítilsháttar í veginn. Grisjað var niður í ca 2000 tré á ha. Við fengum héraðskógamenn með fjórhjól til að draga út úr brekkunni fyrir ofan veginn, því ekki var hægt að komast að með Deutz til að draga út. Þeir voru ca þrjá tíma að ná öllu niður að vegi og sparaði þetta okkur mikla vinnu. Samið var við Héraðskóga um að þeir grisjuðu lerki neðan við Mjóanes. Samið var um að þeir fengju viðinn sem til félli úr stykkinu í staðin fyrir vinnuna. Grisjað var niður í 2200 tré á hektara. Grisjað lerki innan við Ræsin utan og neðan við Freyshóla. Efnið var notað í trjá stoðir sem sendar voru suður.

Grisjað lerki	R-505,5,7	ca 3,1 ha
"	"	R-508,12 " 1,4 "
"	"	R-198,2 (Trjástoðir)
"	"	R-196,2 ca 2,8 ha (Héraðsk. grisjun)

## Lauffelling.

Byrjað að lauffella birki 6. ágúst og því lokið 22 ágúst. 24. október byrjað að afkvista og draga út lauffellingu og var því lokið að mestu fyrir jól.

Lauffellt var úr eftirfarandi reitum 1991:

R-301,10,14,15,16	rauðgr. fjallafura stafafura
R-717,2,3,4.	stafafura
R-720,1	rauðgreni
R-723,1	ýmsar tegundir

## 5. 1. 1. Sala girðingastaura 1991.

<u>Gerð staura.</u>	<u>Fjöldi seldra staura.</u>
Girðingast. sverir fúavarðir.....	864 stk
Girðingast. grannir fúavarðir.....	694 stk
Skurðbakkastaurar.....	400 stk
Styttur ófúavarið.....	100 stk
Trjástoðir.....	1072 stk

## 5. 1. 2. Sala á viði 1991.

Arinviður.....	4487 pokar
Spænir.....	23 pokar
Efniviður birki birkt.....	2493 dm3
Efniviður birki óbirkkt.....	1900 dm3
Efniviður lerki óbirkkt.....	254 dm3
Lúpínufræ.....	19 kg

## 5. 2. JOLATRE.

Byrjað var að fella stóru trén í lok nóvember og var útkeyrslu á þeim að mestu lokið um miðjan des. Nokkur aukning er í stóru trjánum vegna söluáttaks, sem fór þó heldur seint af stað.

Minni trén var byrjað að fella um mánaðarmót, en verið var að fella rauðgreni fram á síðasta dag. Ekkert blágreni var til sölu að þessu sinni. Ástæðan er fyrst og fremst sú að árganga vantar inni, einnig hefur lúsin verið að herja á þá reiti sem fyrir eru. Til að mæta vöntun á blágreni voru pöntuð rúmlega 200 tré af norðmannspín frá Landgræðslusjóði, og seldust þau öll en 100 tré voru seld í fyrra. Sala á rauðgreni jókst um tæplega 52 % frá fyrra ári, trúlega vegna vöntunar á blágreni. Erfitt er orðið að finna það magn af rauðgreni sem selst, vantar inni árganga, einnig hefur köngulingurinn haldið að áfram útbreiðslu sinni.

Sala jólatrjáa frá Hallormsstað 1991.

### Stærðarflokkar.

### Trjátegundir.

	Rauðgreni.	Stafafura.	Fjallapínur.	Blágreni.	Alls
1.	42	1			42
2.	120	1			121
3.	207	6	5	1	219
4.	117	24	2		143
5.	25	20	2		47
6.	10	6	6		22
7.	17	4			21
8.	23		1	1	25
9.	13		1	1	15
10.	7				7
11.	2				2
12.					
13.	2				2
14.	1				1
15.	2				2
<b>Alls:</b>	<b>588</b>	<b>62</b>	<b>17</b>	<b>3</b>	<b>699</b>

## 6. GRODRARSTÖÐ.

### 6.1. FRÆPLÖNTUR.

Sáning hófst nokkuð fyrr en venjulega og einnig var sáð í mun fleiri bakka en nokkru sinni fyrr, þar sem flatarmál gróðurhúsa er nú orðið 2000 m<sup>2</sup>. Fyllt var í bakka 4-24/4 og var notuð fyllingarvél sem við fengum frá Noregi árið áður, og var það mikil framför fyrir okkur að hafa þessa vél þó gömul væri. Sáð var í Hús I 9-11/5 lerkifræl frá Pinega. Sáningin gekk mjög vel, en í spírunarfarsanum urðu áföll sem ollu því að spírun varð langt frá því viðunandi. Í Hús II var síðan byrjað að sá 22/5 og var lokið 30/5. Spírun þar tókst mun betur en í hinu húsinu. Grisjunin tók óvenju langan tíma. Þar olli aukin sáning, fátt fólk og einnig það að nú var prikklað að einhverju leiti í tóm göt. Til prikkunar voru notaðar plöntur sem þurfti að grisja í burtu og var það mjög tímakrefjandi. Prikkunin tókst mjög vel í greninu en síður í furu og lerkí. Hvað lerkíð varðar olli fyrst og fremst vandræðum hvað götin voru smá og því erfitt að prikkla svo vel tækist. Hvað varðar furuna þá kom í ljós um haustið þegar farið var að flokka plönturnar að mikið af þeim plöntum sem hafði verið prikklað voru lausar í hnausnum og rótin stundum snúin. Það virðist því vera svo að furan sé frekar vandmeðfarin í svona berrótarprikkun.

Lindifuru var sáð í lok apríl og var henni dreifsáð í bakka. Fræið hafði þá verið geymt í blautum sandi inná kæli í 2-2 1/2 mánuð. Þessi aðferð gafst ekki vel. Fræið spíraði illa og yfir langan tíma og það sem eftir var óspírað um haustið, það átu mýsnar. Því var ákveðið að hverfa aftur til gömlu og góðu aðferðanna. Smíðaður var um haustið músheldur sáningarkassi inni litla plasthúsinu og í hann sáð menjuðu fræi um miðjan október. Ætlunin er síðan að gera tilraun til að prikkla plöntunum í fp-35 vorið 1992.

### SÁNING SKÓGARPLANTNA 1991

Tegund	Kvæmi	númer	gerð	tjöldi	ísáð göt
Rússalerki	Pinega	900014	fp-67	11576	775592
Rússalerki	Imatra	910016	fp-67/95	2462/433	206089
Rússalerki	Vilhelminmäki	910017	fp-67/95	179/1432	148033
Blágreni	Rio grande	910007	fp-35	850	29750
Blágreni	Rio grande	910007	fp-60	221	13250
Sitkagreni	Seward	910002	fp-35	510	17850
Sitkabast	Seward	910004	fp-35	510	17850
Bergfura	Hänstholm	910013	fp-60	52	3120
Lindifura	Mörk	890040	fp-35	505	17675
Lindifura	Öst-Tyrol		fp-35	39	1365
Stafafura	Taraldsöy	910018	fp-60	371	22260
Fjallapínur	Skagway	910005	fp-35	170	5950
Fjallapínur	Kootenai	910006	fp-35	80	2800
Fjallapínur	Rio grande	890012	dr>fp-35	23	805
Ísl. birki	Mörk-Hall	880006	fp-35	485	16975
Ísl. birki	Mörk-Hall	880006	fp-67/95	132/13	10079
Hengibirki	Sätkenavärä	862187	fp-35	51	1785
Gráölur	Mörk	910010	fp-35	51	1785

ALLS:

1293013

Þær plöntur sem sáð var til um vorið döfnuðu vel um sumarið, enda var einmuna sólríkt og hlýtt. Nokkuð vandamál varð þó af þurki í köntum. Plöntur komu ekki sérlega vel undan vetri, sérstaklega fóru grenitegundir illa, sem voru geymdar undir hvítu plasti á planinu. Bæði var mikið kal og einnig mikil afföll. Líklega er þar um að kenna miklum hlýindum á þorra sem ollu því að plöntur fóru að einhverju leyti af stað.

Haustvinnan og vetrarundirbúningur varð að nokkru með öðrum hætti en verið hefur. Unnið var í október við að þétta og flokka Pinega lerkið og var það síðan flutt út á plan fyrstu vikuna í nóvember. Seinna um haustið var Imatra lerkið einnig þétt og flutt út á planið. Í karma og undir hvítt plast var sett allt greni og hluti af furu frá í vor, allur þinur og einnig blágreni sem sáð var í ágúst 1990. Hluti af lerki frá Vilhelminmäki fór einnig í karma en hluti á planið. Sú nýng var tekin upp að setja 2" einangrunarplast með öllum köntum, kring um þá bakka sem stóðu á planinu og hefur það efalaust komið sér vel því komið hafa hörð frost á auða jörð í nóvember og desember. Tveggja ára greni og furu var pakkað inná kæli og einnig hluta af 1 árs furu. Plöntur sem þóttu of litlar til afhendingar voru þó flokkaðar frá og settar út á plan og í karma og er ætlunin að ala þær aðeins lengur.

#### AFHENDING SKÓGARPLANTNA 1992.

Tegund	Kvæmi	Númer	Gerð	Aldur	Magn
Rússalerki	Pinega	900014	fp-67	"1/0	530000
Rússalerki	Imatra	910016	fp-67/95	"1/0	153000
Rússalerki	Vilhelminmäki	910017	fp-67/95	"1/0	105000
Rússalerki	Östeg	890031	fp-95	"2/0	27645
Blágreni	Carson	890003	fp-35	"2/0	25000
Hvítgreni	Andorage	862174	fp-35	"2/0	5200
Sitkagreni	Seward	880003	fp-35	"2/0	7350
Sitkabast	Kenai	880004	fp-35	"2/0	4900
Stafatura	Taraldsöy	900004	fp-35	"2/0	2490
Stafatura	Taraldsöy	910018	fp-60	"1/0	15000
Fjallapínur	Skagway-Tu.	880002	fp-35	"2/2	8700
Fjallapínur	Skagway-Tu.	880002	fp-35	"3/0	5800
Ísl birki	Kjarni		fp-60	"2/0	1700
Ísl birki	Mörk-Hall	880006	fp-35	"1/0	15000
Ísl birki	Mörk-Hall	880006	fp-67/95	"1/0	9000
Ísl birki			fp-95	*	300000
Hengibirki	Sätkenavärre	862187	fp-35	"1/0	1600
Gráölur	Mörk	910010	fp-35	"1/0	1600
Alaskavíðir	S-2A		fp-35	**	17000
Alaskaösp	Kenai E-010		fp-40	**	2000
Alaskaösp	C-10		fp-40	**	3000
				<b>Alls:</b>	<b>1240985</b>

\* áætlað að sá í mars 1992 og afhenda í júní

\*\* áætlað að stinga í mars 1992 og afhenda í júní



## 6. 2. DREIFSETNING.

Dreifsett var með hefðbundnum hætti nokkrum kvæmum af Fjallapín alls 32850 plöntum. Smá hluta af því, eða 3500 plöntum, var dreifsett í karm og settur gluggi yfir, þar sem plönturnar voru of litlar í venjulega dreifsetningu. Svo til allt var dreifsett í reiti E1 og E2. Í mars var sett u.p.b. 10 m<sup>3</sup> af húsdýraáburði í reitina. Auk þess hafði verið sáð í þá höfrum árið áður til jarðvegbóta.

### DREIFSETNING SKÓGARPLANTNA 1991.

Tegund	Kvæmi	Númer	Fjöldi			Alls	sán.ár
			stórar	litlar	x-litlar*		
Fjallapínur	Skagway-tutsey	880002	7735	10335	3519	21589	1989
Fjallapínur	Windy Arm	870008	1836	7225		9061	1988
Fjallapínur	Kaupanger	880016	1275	250		1525	1988
Fjallapínur	Stange	880015	625	50		675	1988
Samtals:			11471	17860	3519	32850	

\* x-litlar plöntur voru taldar of smáar til venjulegrar dreifsetningar, þeim var því prikklað með pinna í karna og settir gluggar yfir.

## 6. 3. GARDPLÖNTUR.

Garðplöntur komu mjög misjafnlega undan vetri. Grenið fór alveg sérstaklega illa, sérstaklega reitir sem voru óvarðir fyrir morgunsólinni. Lauftrén stóðust veturinn betur, aðeins bar þó á toppkali á ösp. Garðplöntusalan fór snemma af stað, byrjað var að flytja á sölusvæðið 14/5 og hófst salan stuttu seinna og gekk eðlilega fyrir sig.

Tekin var endanleg ákvörðun um að leggja niður garðplöntu-ræktunina. Akveðið var að leita eftir tilboðum í lagerinn og var það auglýst og útboðsgögn send út. Alls bárust 8 tilboð. Aðeins eitt þeirra var í allan lagerinn og var ákveðið að ganga að því tilboði sem var frá Sólskógum, Vallahreppi. Samningurinn gerir ráð fyrir að plönturnar verði greiddar á 5 árum, þannig að nokkrar tekjur verða af garðplöntunum fram til ársins 1995.

### AFHENDING GARDPLANTNA 1991.

Tegund	Magn
Blágreni.....	302
Sitkagreni.....	39
Sitkabastarður.....	78
Fjallapínur.....	4
Broddfura (hnaus).....	84
Sveigfura (hnaus).....	12
Alaskaösp.....	3860
Gráreynir.....	9
Ilmreynir.....	1462
Birki.....	810
Blæösp.....	16
Furur í pottum.....	627
Runnar í pottum.....	2328
Viðir af beði.....	12053

#### 6. 4. AFHENDING SKÓGARPLANTNA.

Mjög mikil vinna var lögð í afhendingu skógarplantna á árinu 1991, og var það fyrst og fremst vinna við flokkun, péttingu og pökkun. Megnið af plöntum sem voru afhentar á árinu 1991 voru flokkaðar og péttar sama ár og eins var farið yfir megnið af plöntum til afhendingar 1992 á árinu.

Gerður var samningur við Héraðsskóga um afhendingu plantna í fyrsta sinn. Var þar fjallað um gæði, afhendingarskilmála, verð og magn. Afhentar voru 350.000 plöntur af lerki til Héraðsskóga og auk þess smávegis af furu og greni og hófst afhending 18/5 og var henni að mestu lokið um miðjan júní. Auk þess var afhent til Héraðsskóga 7 febrúar 12 bakkar af lerki sem var plantað út þá.

Í fyrsta skipti í sögu gróðrarstöðvarinnar voru seldar skógarplöntur utan landsteinanna þegar sendar voru til Grænlands 5000 lerkiplöntur og 70 plöntur af fjallapín. Plönturnar voru sendar á bíl til Reykjavíkur og þaðan með flugi til Grænlands.

Plöntur sem ætlaðar voru til afhendingar, seldust að mestu upp. Þó urðu eftir um 25000 lerkiplöntur sem verða afhentar á næsta ári. Þær voru skyggðar í lok júlí.

Um haustið var ráðið fólk í flokkun, péttingu og pökkun og var unnið við þetta í 2 1/2 mánuð. Allt Pinega og Imatra lerki var péttt. Pakkað var inná kæli 2ja ára greni og furu auk 1 árs stafafuru.

#### AFHENDING SKÓGARPLANTNA 1991

Tegund	Kvæmi	Númer	Aldur	Fjöldi	Gerð	Verð
Birki	Hafursá	890030	"1/0	7996	fp-60	24 kr
Blágreni	Rio grande	890002	"2/0	6004	fp-35	36 kr
Sitkabast	Kenai	880004	"3/0	4206	fp-35	36 kr
Sitkabast	Kenai	880004	"1/0	980	fp-35	29 kr
Sitkagreni	Seward	870003	"3/0	5265	fp-35	36 kr
Sitkagreni	Seward	870003	"2/0	7511	fp-35	36 kr
Sitkagreni	Seward	880003	"1/0	910	fp-35	29 kr
Stafafura	Taraldöy	890001	"2/0	12901	fp-35	31 kr
Stafafura	Taraldsöy	900004	"1/0	1335	fp-35	26 kr
Stafafura	Bennet lake	900003	"1/0	8500	fp-95	18 kr
Rússalerki	Imatra	900006	"1/0	305759	fp-95	18 kr
Rússalerki	Östeg	890031	"1/0	98323	fp-95	18 kr
Fjallapínur	Tutsy/ Windy arm	*	"2/1	3185	fp-35	45 kr

SAMTALS:

462875

\* Tvö kvæmi rugluðust saman

## 6. 5. NYFRAMKVÆMDIR.

Haldið var áfram við lengingu neðra gróðurhússins strax í byrjun janúar. Það reyndist vera nokkuð meiri vinna en áætlað hafði verið. Lokið var við að setja dúkinn á 3/5 og var þá húsinu að mestu lokið. Húsið er nokkuð breytt frá því sem áður var. Engin langbönd eru á því og er dúkurinn í 6 pörtum og þannig frá honum gengið að auðvelt er að taka hann af og er ætlunin að gera það á hverju hausti. Engin tæki voru keypt í húsið nema gluggamótor sem stjórnað er handvirkt með takka. Sigurður Eiríksson og Andrés Einarsson sáu um smíði hússins.

Efri hluti bómubrautarinnar á planinu var notaður í lengingu á neðri hluta brautarinnar og var því smíðuð ný í staðin á efri hlutann. Sú nýsmíði reyndist nokkuð misheppnuð. Bóman var til sífelldra vandræða og var alltaf að fara útaf. Þar kom e.t.v. fleira til, því á sama tíma hafði brautin lengst verulega með lengingu plansins og þar með reyndi öðruvísi á bómuna, t.d. var slangan orðin mun lengri og þyngri

Talsvert var unnið í planinu á milli húsanna. Um vorið var lagt drennrör gegn um neðri helminginn af planinu, eitt rör gegn um mitt planið. Sett var mól í kring og dúkur ofaná. Í leiðinni var lokið við að tengja drennrörið frá efra húsinu út í skurð og var drenið úr planinu tengt í það. Einnig var lagaður aðgangurinn að ytri dyrinni á neðra húsinu, þannig að ökufært yrði þangað. Lokið var við að stækka planið um haustið. Sigurjón Hauksson mældi fyrir því og sá Skúli Björnsson um framkvæmdir. Verkið var allt unnið með eigin vélum, þ.e. með gamla Benz og Deutz traktor með tönn. Nokkuð grófari mól var höfð í yfirborðslaginu en áður og virðist vatn ekki standa eins uppi og áður. Karmarnir voru einnig færðir yst á planið og er ætlunin að hafa plöntur í uppeldi aftar á planinu en plöntur til afhendingar að framanverðu. Athafnasvæði framan við planið var einnig aukið og vegurinn niður með neðra gróðurhúsinu breikkaður með því að mjókka skjólbeltið innan við.

Ráðist var í að grafa niður vatnslögnina til gróðrarstöðvarinnar og á þar með að vera hægt að sá mun fyrr en annars hefði verið hægt. Armann Halldórsson var fenginn til að grafa fyrir lögninni en ýtt var yfir með Deutz og tönn sem fengin var frá Stangarási. Skúli Björnsson sá um framkvæmd verksins.

Keyptur var nýr kyndari í efra húsið og var gamli kyndarinn fluttur í neðra húsið. Nýi kyndarinn er 255 kw og er frá Polartherm oy í Finnlandi. Nokkrir byrjunarörðuleikar urðu vegna fráblásturs, og sprakk m.a. hitapulsan einu sinni með þeim afleiðingum að talsvert að smáplöntum drapst. Þetta verður þó lagað fyrir næsta vor með því að bæta við fleiri pulsum.

Keyptur var lítill gashitari og er honum ætlað að hita upp vökvunarvatnið á meðan á spirun stendur.

Tekin var í notkun moldarfyllingarvél sem Skógræktin fékk gefins frá Noregi árið 1990. Nokkuð þurfti að vinna við að gera hana upp, laga rafmagnskerfið og laga hana að okkar aðstöðum. Hún reyndist ekki fylla nógu vel í bakkana og verður reynt að laga það fyrir næsta vor eða þá renna bökkunum tvisvar í gegn.

Sigurður Eiríksson gerði fyrir okkur aðstöðu fyrir þéttingu og flokkun. Þessi smíði bætti mjög afköst og aðstöðu við vinnuna.

Sáningarryksugan var mikið endurbætt og m.a. settur á hann tjakkur sem stjórnast af loftþrýstingi. Barri hf. kostaði þessar endurbætur að öllu leyti.

## 6. 6. YMISLEGT Í GRÓÐRARSTÖÐ.

Stórhloti gróðurreitanna í stöðinni stendur orðið auður þar sem garðplöntum í reitnum fækkar óðum. Ákveðið var á árinu að nýta reitina sem losnuðu að einhverju leyti undir jólatrjáaráættun. Sú rættun yrði þá með öðru sniði en tíðkast hefur í rættun jólatrjáa hér, því ætlunin er að leggja mun meiri kostnað í umhirðu og auka þar með nýtingu úr reitunum. Ib Nord Nilsen skógarvörður frá Danmörku kom hér um vorið og lagði línurnar fyrir rættunina. Plantað var á 2 stöðum, í alla Síberíu og í reit D2 og hluta C2. Um miðjan júní var Síberían úðuð með Roundup og tætt u.p.b. 10 dögum seinna. Skjólbeltið sem skipt hefur reitnum var sagað niður og eytt með Roundup, því ætlunin er að hafa þar veg. Plantað var í reitinn í byrjun júlí, Blágreni Rio Grande sem var inn á kæli. Millibil milli plantna var 1.25 m en 1.5 m á milli raða.

Í D og C reitinum var ekki úðað með roundup því seint var ákveðið að planta þar. Reiturinn var því tættur og plantað í hann á sama tíma og á sama hátt og í Síberíu en skömmu eftir útplöntun var farið yfir reitinn og fjarlæggt illgresi með reitingu.

Í ágúst var aftur orðið mikið illgresi í reitunum. Reynt var að tæta milli raða en tækið sem notað var reyndist of þungt og óhentugt. Það var því ákveðið að hreinsa frá plöntunum en láta hitt dankast til vors. Það er þó alveg ljóst eftir þessa reynslu að annað hvort þarf að úða reitina með simazin á hverju vori eða fá góðan tættara og tæta arfann niður mjög reglulega.

Um haustið voru gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir frostlyftingu. Kringum megnið af plöntunum var sett flís en sandur um sumt, til að fá samanburð.

Plönturnar í þessari fyrstu jólatrésútplöntun í reitnum þrífust og uxu vel um sumarið. Hluti plantnanna fór að vaxa aftur, þetta átti sérlega við um plönturnar í efri reitunum (C og D) en síður varð þessa vart á plöntunum niður í Síberíu. Því veldur að plönturnar sem voru í Síberíunni höfðu verið inn á kæli og hófu því vöxt mun seinna en plönturnar sem fóru í C og D reitina. Settur var upp frostvökvunarbúnaður til öryggis í byrjun september en ekki reyndist þörf á að grípa til hans og plönturnar virtust ná að ganga vel frá sér.

Ymsar athuganir voru gerðar í gróðrarstöðinni um sumarið. Þar er helst að telja að lerki var flutt út úr gróðurhúsi á mismunandi tíma um sumarið til að kanna áhrif þess á proska plantnanna. Lerki og birki var ræktað á upphækkun til að skoða áhrif á rótarvöxt og proska. Waterworks var blandað saman við mosa í nokkrum lerkibökkum og nokkrar gerðir af fjölpottum með mjög smáum hólfum voru prófaðir með tilliti til dreifsetningar í stærri bakka, eingöngu var sáð lerki. Of langt mál er að rekja niðurstöður ítarlega hér, en í stuttu máli þá hafði flutningur út úr gróðurhúsi á mismunandi tíma þau áhrif að plönturnar urðu ekki eins hávaxnar en annars hefði orðið og voru áhrifin mest á þeim plöntum sem fyrst voru fluttar út. Plöntur fluttar út 8-12 vikum eftir sáningu náðu mög hæfilegri stærð og góðum proska, en plöntur sem voru allt sumarið inni gróðurhúsi urðu heldur stórar, þó það væri misjafnt. Rættun á upphækkun leiddi til þéttari rótarhnauss og meira af virkum rótarendum fylgdi plöntunni í vetrardvalann. Ekki sáust nein áhrif af notkun waterworks á plönturnar, ekki heldur á kantplöntur þar sem þurkur var þó vandamál. Spurning er hvort eitthvað hafi farið úrskaiðis varðandi iblöndun á efninu. Reyndar voru 4 gerðir af

smábökkum og reyndust allar ágætlega, þó nokkur misumur yrði á vexti eftir prikklun í stærri potta. Ein gerðin var pappírspottur og tókst ágætlega til hvort sem þeim var prikklæð með eða án pappírs. Hinar gerðirnar voru með ferköntuðum veggjum og beinum niður og með flötum víðum botni, og varð rótarvöxtur eðlilegur í þeim öllum.

Fylgst var með ranabjöllu í efra gróðurhúsinu yfir sumarið. Settar voru upp 2 gildirur inn á milli lerkibakkanna og var skipt um einu sinni í viku. Ástæða þessara athugana var sú að ranabjalla hefur valdið nokkrum usla í unglöntum af lerki eftir útplöntun og hafa sumir talið að þær gætu jafnvel hafa komið með plöntunum úr gróðrastöðinni. Niðurstaðan varð sú að ekki kom nein ranabjalla í gildirurnar, enda hefur aldrei orðið vart við ranabjöllur í gróðurhúsunum, allavegana ekki síðustu árin.

Framkvæmd var á vegum Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá könnun á vandamálum í gróðrarstöðvum, og var hún meðal annars framkvæmd á Hallormsstað. Hvað varðar niðurstöður, vísast í niðurstöðuskýrslu.

Um vorið var stungið 40 klónum af alaskaösp sem nota á til tilrauna á Fljótsdalshéraði, alls var stungið rúmlega 5000 græðlingum. Einnig var stungið u.p.b. 1200 klónum af víði úr söfnunarferð Óla Vals og félaga, alls u.p.b. 6000 græðlingum. Ellefu klónum af barrvíði úr sömu söfnunarferð var dreifsett í karna af sáðbeði.

## 7. GRÓÐURSETNING.

Gróðursetning hófst 11 júní á að planta rauðgreni (berrót) frá Vöglum í svæðið sem grísjáð var í vor innan við Borgargerðislæk. Um 20 og 21 júní var plantað fjallapín í svæðið sem var grísjáð innan við Mylluhvamm. Tuttugasta og fjórða og fimmta júní var plantað blágreni inni blágrenigróðursetningu innan við Atlavíkurlæk ofan við hvítgreni. Tuttugasta og sjöunda júní plantað lerki og stafafuru í Múlastekksgröðinguna ofan við veg. Þegar hér er komið er jarðvegur orðinn mjög þurr vegna úrkomuleysis síðan í byrjun maí. Um 28 júní var byrjað að planta stafafuru inni eyður í lerki á Hafursá innan og ofan við kartöflugarð. Þetta voru móbandsplöntur frá Tumastöðum og er þetta trúlega síðasta skiftið sem plantað verður slíkum plöntum hér. Þessu var lokið 4. júlí og jörð orðin mjög þurr. Fyrsta júlí farið í Eiða og klárað að fylla í plógstrengina neðan við Húsatjarnarásinn, voru settar niður móbands stafafurur frá Tumastöðum. Plantað var út tilraunaplöntum á nokkrum stöðum í skóginum, sjá nánar gróðursetningartöflu. Gróðursetningin gekk nokkuð vel miðað við að stæðsta hlutanum var plantað í skóg með miklu limi.

Gróðursettar voru þrjár blæspír frá Jórvið í röð neðan við gömlu blæspírarnar í Mörkinni.

Sumarbúðir Rauðakrossins plöntuðu 180 stafafurum Taraldsöy, ofan við klifið (Asar).

## Gróðursetning í lönd Skógræktar ríkisins 1991

Staður	Teg.	R.nr.	Kvæmi	Fræ.nr.	Aldur	Plg.	Pl.t.	Athugasemdir
Partur	FP	306	Skagw/tutsi	870006	2/1	fp	3185	Blandaðist í
	FP		Windy Arm	870008		fp		Gróðrarst. 89
Borgarg.	RG	404	Drevja	c-125	2/3	br	6020	Frá Vöglum
Vörðuhr.	BG	713	Rio Grande	890002	2/0	fp	3850	
Hafursá	SF	218	Taraldsöy	870013	1/1	mb	9035	Frá Tumast.
Partur		304-4	Ýmsar teg.			br	560	Tilraun
Jónssk.		701-1	Ýmsar teg.			br	280	Tilraun
Flatisk.		413-1	Ýmsar teg.			br	299	Tilraun
Jónssk.		703-	Alaska	A-512		fp	50	Alaskasýprus
Jórvík	AS	-	Alaska	A-512		fp	60	Alaskasýprus
Eiðar	SF	-	Taraldsöy	880013	1/1	mb	2583	Pl. í plóstrengi
Múlast	SF	-	Taraldsöy	880013	1/1	mb	426	
Múlast.	RL	-	östeg	890031	1/0	fp	2945	

**Alls gróðursett 29.293 plöntur**

### 8. HIRÐING PLANTNA. ( UMHIRDA Í SKOGI )

Aburðargjöf: Seinnipart vetrar var farið og tekin nokkur jarðvegssýni í plógstrengjum í Hafursárlandi og þau síðan send á RALA til greiningar. Til að sjá hvaða áburð væri best að nota á stafafuruna. Niðurstaðan var að PH-tala var að meðaltali 6,2. Akveðið var að nota Móða 2 og var hann borið á 8-9 júlí alls 12 pokar. Magnið sem borið var á ca var 1 gramm á hæðarsentimeter. Settir voru út tveir reitir sem ekki var borið á, ca. 100 fermetra hvor til samanburðar.

Reitir sem borið var á: R-202,1,6

R-203,5

R-204,7 neðrihlutinn.

Einnig var borinn Græðir 1A á asparsafn á túninu ca 1 gr. á cm.

Umhirða og snyrting: Dreift var flís á aspir í asparsafninu úti á túni til að hemja grasvöxt, einnig var farið og réttar við þær plöntur sem höfðu skekkst í vetur.

I vor var birkið innan við Freyshólaafleggjara grisjað og snyrt (R-203,1).

I júlí var farið í douglasgrenreitinn í Lysishólnum, sagaður teinungur, klippt frá og snyrtir toppar.

Frágrísjun:

Fimmtánda júlí var byrjað í frágrísjun og unnið við það með hléum út ágúst, verkið unnið af tveimur til fimm mönnum.

Reitir sem hreinsaðir voru:

R-305,2,3,4	ca 1,2 ha
R-309,1,2,4,5,6,8,9,10	" 5,1 "
R-406,2,3,4,5	" 1,7 "
R-408,8	" 0,1 "
R-408,12	" 1,7 "
R-705,2	" 0,3 "
R-706,12	" 0,1 "
R-717,1,8 kláraður	" 3,0 "
R-719,12	" 1,3 "

-----  
alls 14,5 ha.

Einnig var sagað frá vegum í R-702 og R-706.

## 9. BYGGINGAR.

### 9. 1. VIDHALD.

#### a) Hallormsstaðabærinn.

Hellustéttin neðan við húsið var rifin upp af Sveini Einarssyni hleðslumeistara og Baldri. Þetta var gert til að ná burt grasrótum, þær lagaðar aftur og var sett leirmold á milli, sem á að hindra grasvöst á milli þeirra að sögn meistarans. Gömlu tröppurnar bakdyramegin voru brotnar í burtu og steypar nýjar, verkið vann Sigfús hirðsmiður ásamt okkar mönnum. Skógræktarstjóri fékk Hermann Nielsson málameistara til að mála ganga og stigarými. Einnig var keyptur skápur.

#### b) Skemma.

Skipt var um tvö klósett. Settir upp hankar fyrir útiföt og regngalla. Fúavarnakerið fjarlæggt út úr skemmuni. Þetta er búið að standa lengi til af heilbrigðisástæðum. Núna er á sama tíma moldarfylling í bakka og stauravinnsla, þannig að tækifærið var notað til að flytja það út. Keríð var sett upp utan við skemmuna til bráðabirgða.

#### c) Markarhús.

Settur dúkur á þá veggj sem mikið mæðir á í eldhúsi. Smíðuð og sett upp hilla fyrir örbylgjuofn í eldhúsi. Á gólfíð í Skálkaskjólí var sett spónaparket og það lakkað. Húsið er mikið vistlegra eftir þessa framkvæmd. Þegar kom fram á haustið þornaði neysluvatnsbólið fyrir Mörkina og Skemmuna. Var það grafið upp og dýpkað. Settur var niður plastbrunnur, mól í kring og í botn og vonumst við til að þessi ráðstöfun dugi í framtíðinni.

d) Akurgerði.

Brotið upp gólf í þvottahúsi og klósetti í neðri íbúð. Skipt um skólplagnir og brunna, niður í brunn sem er fyrir neðan hengibjarkirnar. Þetta varð að gera því lagnirnar voru orðnar ónýtar og alltaf að stíflast. Í leiðinni var lögð ný vatnslögn í skurðinn, því reikna má með að gamla járnlögnin verði ónyt þá og þegar. Er ætlunin að tengja hana við vatnsveituna þegar klárað verður að endurnýja skólplögnina út í stofnæð. Í vor var svo þökulagt upp á nytt við húsið, eftir umrótið í vetur. Skift um borðplötur í eldhúsinnréttingu. Keypt tvö ný brauðbretti.

e) Skrifstofubygging.

Skift var um jarðveg í bílastæði og var lagt bundið slitlag um leið og afleggjarann hingað niður eftir.

f) Ahaldahús eldra (Stöð)

Skift um allra lélegasta járneð á þakinu. Sett plast í þá glugga sem opnir voru. Útbúnir rekkar fyrir girðingastaura.

g) Kirkjugarðurinn.

Sveinn Einarsson hleðslumeistari og Baldur Jónsson rifu upp hellur og gras meðfram hlöðnu veggjunum. Settur var dúkur undir og meðfram og mól síðan sett ofaná. Þá var grafinn skurður ofaná veggjunum, settur húsdýraáburður í og plantað birkikvist. Þessi framkvæmd er til mikillar þryði og þegar verður búið að ganga frá sáluhliðinu, sem teikningar liggja fyrir af, verður þetta hið glæsilegasta mannvirki.

## 9. 2. NÝVIRKI.

Byrjað var að saga fyrir vegi og sett rör í skurð, út að nýju Hafsauga, sem meiningin er að staðsetja í skóginum utan við stóra gróðurhúsið.

## 10. VELAR OG VERKFÆRI.

U-3357: Sigurður smíðaði undirakstursvörn á bílinn svo hann fengi skoðun. Kraninn var lagaður dálítið, skipt um slöngur og lagfærð rör o.fl. Drifskaft fyrir sturtugir brotnaði og gerði Sigurður við það. Þá datt undan drifskaft á milli kassa. Að öðru leyti var um venjubundið viðhald að ræða á svo gömlum bíl.

U-1905: Vinstri framöxullinn brotnaði það illa að Sigurður meistari taldi að ekki væri mögulegt að brasa hann saman aftur. Var því keyptur nýr öxull með sverari hjörulið, og mixaði Siggi hann í hásinguna. Gert við bremsur, skipt um slatta af hjöruliðum, skift um spindillegur og nokkrar pakkdósir. Bíllinn er að verða ansi slappur, gamall og úr sér genginn, en alveg ómissandi. Verður að fá svipaðan bíl í staðinn fyrir hann, þegar þar að kemur að honum verður skift út.



SG-380: Bifreiðin kemur ný hingað 14. mars. Oskaplega fín bifreið, en sökum hve lágt er undir hann, hentar hann best á malbiki. Sett á bílinn dráttarkúla og raftengill. Keypt og sett áklæði á sætin. Þegar við héldum að væri að koma vetur þá voru keypt ný 30 tommu nagladekk og felgur.

LAPPLANDER: Lappinn lauk störfum fyrir okkur 24. apríl, hafði hann þá verið boðinn upp. Sá er hlaut hnossið sótti hann í Egilsstaði og keyrði til Reykjavíkur. Við þökkum Lapplander unnin störf.

Traktorar:

Deutz: Afturrúðan brotnaði og varð að kaupa nýja. Sprungur komu fram í framdekki og var það sent í Dagsverk og soðið í það, virðist það hafa lukkast vel. Þá var skift um bolta í festingu fyrir prítengibúnað að framan. Færð ljós á húsinu, til að greinar rekist síður í þau.

Ford 5000: Endurnýjuð stóra slangan við glussadælu. Þéttingar í skóflutjakk sprungu, Sigurður lagaði það. Rör að stýrisdalu sprakk, gert við það. Ljósabúnaður lagaður og svo var venjulegt viðhald að ræða, hitt og þetta smálegt.

MF 203: Startarinn brann til kaldra kola og var keyptur ný uppgerður, sem settur var í. Lagaður skiftir í stýrismaskínu. Lagaður beislisbúnaður. Mótörinn er orðinn mjög slappur og verður vart frestað að taka hann upp. Ýmislegt fleira þarf að laga, svo sem kúplingu og bremsur.

Ud-11: Smíðaður þyngdarklossi framan á vélina, notað var blý sem brætt var úr 50 rafgeymum, annar venjulegt viðhald.

Farmal Cub: Lagaður stýrisgangur til að hann fengi skoðun.

Önnur tæki:

Bremsur á viðarspili teknar upp og hreinsaðar, einnig skipt um vír á því. Bómutollin brotnaði á gröfunni og síðar á árinu brotnaði bóman, smíðuð stöng í skóflutjakk og skift um nokkrar pakkdósir. Skift um legur í drifi og blaðöxli í kurlisöginni, einnig skift um þéttingar í tjakk og lagað slit í ymsum liðamótum. Settur var ljósabúnaður og viðeigandi tenglar á báðar jeppakerrurnar til að gera þær löglegar. Einnig voru endurnýjuð dekk á þeim, fengin gömul dekk fyrir lítið en vel brúklek. Drif, kúpling og hjöruliðir á jarðtætara, lagfært og skipt um. Tjaslað í loftpressuborinn en hann er orðinn mjög slitinn. Mótorbakdælur endurbættar og lagfærðar.

Keyptar voru tvær kjarrsagir RS-51 og þarf nauðsynlega að kaupa a.m.k. tvær á næsta ári. Þá var keypt ein keðjusög Jonsered 2045, þetta er ákaflega einföld sög, samsett úr fáum hlutum og var hún um það bil helmingi ódýrari en aðrar sagir af svipaðri stærð. Þá var einnig keypt öryggisföt fyrir sex manns. Svo var keypt nýtt sláttuorf af Tanaka gerð og er þetta miklu ódýrara í innkaupi en kjarrsög, sem hingað til hafa verið notaðar hér í sláttinn. Mikið léttara er að vinna við sláttinn með þessu tæki.

## 11. YMISLEGT.

11. 1. Ferðalög, fundarhöld, og gestir skógræktarinnar.

16. jan. Námskeið í Skálholti. Axel bókhaldskerfi.

1. feb. Þorrablót Vallamanna.

6. feb. Katrín fór á Mógilsá og Laugarvatn kynna sér asparræktun.

20. feb. Páll Hersteinsson og Jón Gunnarsson frá Umhverfisstofnun kynntu sér skemmdir af völdu hreindýra.

5. mars. Skógarvörðurinn á Vöglum ásamt starfsmönnum í heimsókn í nokkra daga.

9. mars. Skógarvörðurinn fór á fulltrúaráðsfund í Reykjavík varandi landgræðsluskóga.

14. mars. Skúli á námskeiði á Hvanneyri varðandi rafmagnsgirðingar.

19. mars. Tveir danskir skógræktarmenn skoðuðu skóginn.

3. mars. Þrjú starfsmenn Landbúnaðarráðuneytis skoðuðu starfsemina.

9. apríl. Starfsmannafundur á Egilsstöðum. 3 dagar.

10. apríl. 50 manna hópur frá Verknmenntaskólanum skoðu skóginn.

13. apríl. Tveir sænskir skógfræðikandidatar skoðuðu skóginn.

15. apríl. Þrjú starfsmenn kvennþjóðarinnar frá Vöglum kynntu sér starfsemina.

17. júní. Skógarvörðurinn sótti alþjóðlega skógræktarráðstefnu á Laugarvatni dagana 18 til 23 júní.

25. júní. Max Hagman, Roger Lines, Jon Ditrikson og Aðalstein Sigurgeisson dvöldu í skóginum í tvo daga.

27. júní. Chris Nixon skógfræðingur frá Skotlandi skoðaði skóginn.

11. júlí. Tveir sænskir skógfræðingar hjá skogsstyrelsen voru hér dagsstund.
12. júlí. Ib Nord Nilsen ásamt Jens Ernst Nilsen leplantningskonsulent hjá Hedeselskapet skoðuðu skóginn.
12. júlí. Þrír sænskir skógfræðistúdentar kynntu sér starfsemina.
19. júlí. Allir starfsmenn landbúnaðarráðuneytis kynntu sér starfsemina.
25. júlí. Hans Olav Moen forstöðumaður Norsku rannsóknarstöðvarinnar í heimsókn.
29. júlí. Flora Nodica hópurinn fundaði á Hallormsstað.
20. ágúst. Hollenskur skógfræðingur í heimsókn.
28. ágúst. Asa Aradóttir á Mógilsá kynnti sér landnám birkisins á svæðinu.
16. sept. Tveggja daga námskeið í jólatrjáaræktun með Ib Nord Nilsen, í Skorradal.
17. sept. Finnski sendiherrann og frú dvöldu her í tvo daga.
18. sept. Þýski sendiherran skoðaði skóginn.
20. sept. Rússneski sendiherran og frú dvöldu her í tvo daga.
25. sept. Umhverfisbraut Garðyrkjuskólans gistu í Mörkinni og skoðuðu skóginn.
27. sept. Gróðurbótarfélagið hélt sinn aðalfund á Hallormsstað.
1. okt. Forstjóri og framkvæmdarstjóri Norges skogeierforbund kynntu sér starfsemina.

## 11. 2. FERDAFOLK.

Aðsókn í Atlavík var svipuð og á árinu 1990, þrátt fyrir frábært tíðarfar. Fleiri ferðamenn eru í ágúst en síðastliðin sumur.

Endurbætur í vikinni voru eftirfarandi: Sléttaðar voru og þökulögð þrjú lítil tjaldsvæði við danspallinn. Merkingar voru betrubættar. Endurnýja þurfti ræsið yfir á bílastæðið, keyptur var hólkur frá vegagerðinni. Aspír vou gróðursettar við afleggjara niður í vikina. Mól var borin í alla slóða á svæðinu.

UÍA stóð að samkomuhaldi um verslunarmannahelgina. Hátíðin var eingöngu auglýst í fjórðungnum. Þáttaka varð minni en vonast var eftir af þeirra hálfu, eða um 700 til 800 manns með starfsfólki. Skógræktin var með nokkra starfsmenn á klósettum og einn á vakt. Fyrir þetta og afnot af vikinni greiddi UÍA fasta greiðslu, og var hún greidd við samkomulok.

Ingvi Þór Loftsson var fengin til að gera skipulag af nýju tjaldsvæði í skóginum. Svæðið er þurshöfðavík og túnin ofan við. Ingvi skilaði tillögum í haust sem leið og list okkur vel á þær hugmyndir og vonumst til að byrja á fyrsta áfanga næsta sumar.

### Fjöldi gistinóttanna 1989,90,91:

	1989.	1990.	1991.
Júní	447	557	610
Júlí	5020	3836	3410
Agúst	<u>1497</u>	<u>1320</u>	<u>1898</u>
Alls:	<b>6964</b>	<b>5713</b>	<b>5918</b>

## 11. 3. ANNAD.

Tilraunir með rötarskóga:

Þrítugasta janúar var byrjað að skera niður afbrigðatilraunirnar í Rauðholti og Kóreksstöðum .

Byrjað var í Rauðholti, Skúli Björnsson stjórnaði verkinu og hafði sér til aðstoðar Bjarka ásamt tveimur heimamönnum. Skurðurinn á báðum stöðunum tók fjóra daga. Efniviðurinn var viktaður á Hallormsstað og tekin sýni fyrir þurrviktun. Niðurstöður mælinga voru sendar á Mógilsá til úrvinnslu.

Katrín tók úr efniviðnum stikklinga af s2a og s4 og er hann í uppeldi í Lönguhlíð.

Tilraunir á Austurlandi:

Tilraunin er frá 1989. Þórarinn Ben. og skógarvörðurinn tóku hana út.

Starfsmenn Mógilsár tóku út kvæmatilraun í stafafuru í Lambabólum, einnig lerkitilraun á Buðlungavöllum.

Kvæmatilraun í Jörvik var tekin út í sumar af Þórarni Ben.

Guðmundur á Mógilsá lagði út ranabjöllugildirur á Skjögrastöðum, Miðhúsum og Droplaugarstöðum.

Jarðvinnsla:

TDS herfið var í notkun hjá Héraðsskógum í haust. Herfaðir voru þrír litlir flekkir til prufu utan í Hestmelnum.

DAGSETNING: 31.12.91

SKOGRÆKT RIKISINS  
REKSTRAR- OG FRAMKVEMDAYFIRLIT  
Fjárhagsárið: 1991

BLS. 1

	† Rekstur Laun	† Almennur rekstur Gjöld	Tekjur	† Breytilegur kostnaður Gjöld	Tekjur	† Samtals Gjöld	Tekjur
<b>MALAFLOKKAR</b>							
STJORNUN - HALLORMSSTAÐ	2,589,209	1,370,652	-159,154			3,959,861	-159,154
SKOGGRIÐSLA HALLORMSST.	4,012,307	1,428,036	-5,421,162			5,440,343	-5,421,162
GRÖÐRARSTUÐ HALLORMSST.	5,843,870	2,784,298	-13,742,778	465,377		9,093,545	-13,742,778
HÖSEIGNIR SKOGRÆKT RIK.	533,832	1,639,586	-25,130	2,629,912		4,803,330	-25,130
JARÐEIGNIR		62,548	-121,777			62,548	-121,777
BIFREIÐIR SÞ HALLORMSST	232,758	741,774	-334,305	1,678,503		2,653,035	-334,305
DRATTARVELAR & AHDLD	312,451	434,623	-59,589	180,816		927,890	-59,589
VÉLAVERKSTIÐI	104,362	89,828	-14,979			194,190	-14,979
ÖTIVISTARSVEÐI ATLAVIK	1,184,866	592,546	-2,726,150			1,777,412	-2,726,150
MATARFÉLAG SKOGR.MANNA	444,510	853,905	-836			1,298,415	-836
UMHVERFI	387,204					387,204	0
STARFSMANNAFUNDIR		23,710				23,710	0
ALMANNATENGL	85,774	86,642				172,416	0
KJARASAMNINGAGJULD	1,372,369					1,372,369	0
VINNA FYRIR ADRA	255,738		-361,676			255,738	-361,676
FRIÐFLUN - FRIÐFNUM						0	0
SKOGGRIÐSL.EIÐAR & GRÖF	40,887					40,887	0
SKOGGRIÐSLA - HEYDALIR						0	0
SKOGGRIÐSLA-MULASTEKKUR	25,975					25,975	0
SKOGGRIÐ.ARNALDSSTAÐIR						0	0
SKOGGRIÐSLA - JÖRVIK	17,798					17,798	0
SKOGGRIÐSLA - MIÐHJÓ						0	0
MILLIF.DEILDA SKOGR.RIK			-2,524,201			0	-2,524,201
MILLIFÆRSLUR A D.71		3,207,380				3,207,380	0
SAMTALS.	17,443,910	13,315,528	-25,491,737	4,954,608		35,714,046	-25,491,737
<b>SAMTALS</b>	<b>17,443,910</b>	<b>13,315,528</b>	<b>-25,491,737</b>	<b>4,954,608</b>		<b>35,714,046</b>	<b>-25,491,737</b>
MISMUNUR GJALDA OG TEKNA		-17,443,910	12,176,209		-4,954,608		-10,222,309

- Niðurstöðutölur fyrir fjárhagsárið 1991.

	† Rekstur Laun	† Almennur rekstur Gjöld	Tekjur	† Breytilegur kostnaður Gjöld	Tekjur	† Samtals Gjöld	Tekjur
<b>ALAFLOKKAR</b>							
STJÖRNUN - HALLORMSSTAÐ	2,620,000	1,689,500	-208,500			4,309,500	-208,500
SKÖGGRIÐSLA HALLORMSST.	5,261,000	1,363,200	-6,452,000			6,624,200	-6,452,000
GRÖÐRARSTAÐ HALLORMSST.	5,118,000	2,252,510	-12,895,000	470,000		7,840,510	-12,895,000
HUSEIGNIR SKÖGRÆKT RÍK.	636,000	1,733,790	-25,000	2,720,000		5,089,790	-25,000
JARBEIGNIR		65,000	-83,000			65,000	-83,000
BÍFREIÐIR SÞ HALLORMSST	318,000	798,950	-347,000	1,500,000		2,616,950	-347,000
DRATTARVELAR & AHDLD	252,000	542,000	-96,000	275,000		1,069,000	-96,000
VELAVERKSTIÐI	40,000	94,500				134,500	0
UTIVISTARSVIÐI ATLAVIK	800,000	237,000	-1,500,000			1,037,000	-1,500,000
MATARFELAG SKÖGR.MANNA	405,000	842,000	-15,000			1,247,000	-15,000
UMHVERFI	339,000					339,000	0
STARFSMANNAFUNDIR	20,000	50,000				70,000	0
ALMANNATENGL	61,000	54,000				115,000	0
KJARASAMNINGAGJÖLD	1,684,000					1,684,000	0
VINNA FYRIR AÐRA	165,000		-200,000			165,000	-200,000
FRIÐFLUN - FRIÐFNUM	12,000					12,000	0
SKÖGGRIÐSL.EIÐAR & GRUF	13,000	5,500				18,500	0
SKÖGGRIÐSLA - HEYDALIR		23,000				23,000	0
SKÖGGRIÐSLA-MULASTEKKUR	14,000	36,000				50,000	0
SKÖGGRIÐ.ARNALDSSTAÐIR						0	0
SKÖGGRIÐSLA - JÖRVIK	44,000					44,000	0
SKÖGGRIÐSLA - MIÐHJÓ						0	0
MILLIF.DEILDA SKÖGR.RÍK			-2,825,000			0	-2,825,000
MILLIFÆRSLUR A D.71		2,094,000				2,094,000	0
SAMTALS.	17,802,000	11,880,950	-24,646,500	4,965,000		34,647,950	-24,646,500
<b>SAMTALS</b>	<b>17,802,000</b>	<b>11,880,950</b>	<b>-24,646,500</b>	<b>4,965,000</b>		<b>34,647,950</b>	<b>-24,646,500</b>
VIÐISNUMUR GJALDA OG TEKNA		-17,802,000	12,765,550		-4,965,000		-10,001,450

- Yfirlit Aætlunar 1991.